

Alþingi
Erindi nr. P 140/1346
komudagur 2.3.2012

Kristjana Benediktsdóttir

From: Lýðræðissetrið [lydraedissetrid@gmail.com]
Sent: 2. mars 2012 11:44
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
Attachments: Vandræði-forsetakjör.doc

Heiðraði viðtakandi.

3. mál

Með bréfi þessu fylgir grein Björns S. Stefánssonar. Þar er varpað fram hugmynd, sem nýst getur við breytingar á 5. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um kjör til embættis forseta Íslands.

Virðingarfyllst,

Arnþór Helgason
f.h. Lýðræðissetursins

--

Lýðræðissetrið <<http://www.abcd.is>>
Reykjavíkurakademiunni
Hringbraut 121, Reykjavík
IS-107
+354 551 1527

Björn S. Stefánsson:

Vandræði við endurnýjun í sæti forseta og formanns

Umræðan undanfarið um kosningu forseta Íslands er eins og menn líti svo á, að sigurstranglegt forsetaefni geti því aðeins komið fram, að núverandi forseti segi örugglega upp starfi. Samkvæmt þessu og samkvæmt reynslunni mætti ákvæði stjórnarskrárinnar um kjör forseta Íslands hljóða svo:

Forseti skal kosinn til fjögurra ára. Hann getur framlengt setu sína um fjögur ár í senn.

Svipað er iðulega uppi á teningnum við kjör forseta félags eða formanns.

Það virðist ekki þykja fýsilegt að tefla fram manni gegn þeim, sem situr, enda þótt hann þætti sigurstranglegur, ef sá, sem situr, dregur sig í hlé. Það gerir framboð sennilega enn ófýsilegra, að fleiri gætu þótt sigurstranglegir. Hugur manna kann að standa til endurnýjunar, en það heldur aftur af mönnum, ef sá, sem situr, er líklegur til að hafa meira fylgi en hver hinna fyrir sig. Sigurstrangleg forseta- eða formannsefni gefa sig því ekki fram.

Leikurinn breytist, ef forseti eða formaður er raðvalinn. Hugsum okkur, að fullur vilji 60% kjósenda sé til endurnýjunar og þrír bjóði sig fram, sá gamli, sem við nefnum A, og tveir til viðbótar, B og C. Endurnýjunarliðið raðar B,C,A, C,B,A eða BC,A. Í fyrsta dæminu fengi B 2 stig fyrir að vera ofar en tveir, C 1 stig fyrir að vera fyrir ofan einn og A ekkert stig. Í öðru dæminu fengi C 2 stig, B eitt stig og A ekkert stig. Í þriðja dæminu fengi B 1,5 stig (1 stig fyrir að vera ofar en A og 0,5 stig fyrir jafna stöðu við C). Sömuleiðis með C. Þeir, sem vilja þann gamla, raða A,B,C, A,C,B eða A,BC. Annaðhvort B eða C hlyti að koma út með flest stig.

Maður, sem vill endurnýjun, en samt ekki fyrir hvern mun, mundi raða B,A,C, C,A,B, B,AC eða C,AB. Ef margir raða þannig, gæti A fengið flest stig og unnið.

Dæmið sýnir, hvernig raðval eyðir vandræðagangi.

Þeir, sem gaumgæfa endurskoðun stjórnarskrárinnar, athugi þetta.

Morgunblaðinu, 29. febrúar 2012 21